

Málsnúmer: 2604011

Móttakið: 8.4.2026

Styrkumsókn - Menningar- og ferðamál

Almennar upplýsingar

Nafn

Ólafur Jóhann Engilbertsson

Netfang

olafur@sogumidlun.is

Ég sæki um fyrir hönd annars aðila



Nafn

Félag um listasafn Samúels

Kennitala

4403982949

Samstarfsaðilar

Félag um safn Gísla á Uppsölum (4107191180)

Verkefni

Heiti verkefnis

Selárdalshátíð

Áætluð lok verkefnis/dagsetning viðburðar

12.08.2026

Lýsing verkefnis/viðburðar

Selárdalshátíð verður helgina 7.-9. ágúst kl 16 í Listasafni Samúels og í Safni Gísla á Uppsölum. Í Listasafni Samúels verða opnaðar sýningar Húberts Nóa Jóhannessonar og Jónu Þorvaldsdóttur Sýning Listvinnslunnar mun auk þess vera opin í safninu í allt sumar. Boðið verður upp á sögugöngu í Verdali, sólmyrkvasmiðju og Íslandsmeistaramót í flugdrekagerð. Tónleikar í kirkjunni þar sem Krummi Björgvinsson, Kraftgalli (Arnljótur Sigurðsson) og Hermigervill (Sveinbjörn Thorarensen) koma fram.

Hvernig er verkefnið undirbúið?

Dagskrá Selárdalshátíðar fer bæði fram í Listasafni Samúels og í Safni Gísla á Uppsölum. Selárdalshátíð er kynnt á öllum helstu miðlum, á Facebook síðum Listasafns Samúels og Gíslasafns, Arnfirðingafélagsins, Vesturbyggðar og fleiri, einnig t.d. á RÚV, Bæjarins besta og Morgunblaðinu. Undirbúningur opunar Gíslasafns hefur verið í gangi í fimm ár. Kári G. Schram, formaður beggja safnanna, hefur stýrt framkvæmdum í báðum söfnum og fengið verktaka úr Vesturbyggð til aðstoðar.

Hvernig tengist verkefnið sveitarfélaginu Vesturbyggð?

Listasafn Samúels er í Vesturbyggð. Félag um listasafn Samúels hefur staðið að uppbyggingu þar frá stofnun árið 1998. Félagið hefur leitað til verktaka í Vesturbyggð frá upphafi og einnig verið í samstarfi við félög eins og Arnfirðingafélagið. Mikill fjöldi sjálfboðaliða hefur komið að uppbyggingu safnsins, bæði innlendir og erlendir. Frá 2019 hefur safnið verið opið gestum sem hafa kíkt í kaffi í húsi Samúels og sagt sögur. Félagið hefur staðið að hátíðum annaðhvert ár í Selárdal.

Hvernig eflir verkefnið menningar- og/eða ferðamál í Vesturbyggð?

Starfsemi Listasafns Samúels hefur vakið athygli víða um lönd og hafa erlendir gestir borið hróður þess víða. Listahátíð Samúels hefur boðið upp á tónleika í kirkjunni, sem og erindi og upplestra. Svo verður einnig nú á hátíðinni í sumar. Auk þess verður sérstök tónlistardagskrá á sólmyrkvanum 12. ágúst. Þar mun Kraftgalli flytja tónlist, en hann kemur einnig fram á Selárdalshátíð. Auk hans munu Hermigervill og Krummi flytja tónlist á hátíðinni. Vefur: <https://samuelssafn.is/>

Kostnaðaráætlun

Áætlaður heildarkostnaður verkefnis

1500000

Áætlaðar heildartekjur verkefnis

500000

Umbeðin styrkupp hæð

250000

Kostnaðaráætlun

Selárdalshátíð - kostnaður

Laun og vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila (60 tímar x 5000)	300.000
Ferðakostnaður (Ferjuleiðir, Höldur bílaleiga og Norlandair flug)	400.000
Aðkeypt þjónusta (þóknun listamanna)	400.000
Áhöld og tæki (tjaldaleiga, tækjaleiga)	400.000
1.500.000	

Fjármögnun

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða	Staðfest	750.000
Innkoma	Óstaðfest	500.000
Menningar- og ferðamálanefnd Vesturbyggðar	Óstaðfest Umsókn	250.000
1.500.000		

Staðfesting og fylgigögn

Ég staðfesti að upplýsingarnar í umsókninni eru réttar



Ég hef kynnt mér úthlutunarreglur styrktarsjóðsins



Fylgiskjöl

Listahatid-Samuels 2024 -myndir.pdf

Selardalshatid og Solmyrkvi.pdf

Listasafn Samúels bæklingur.pdf

Skrá

Lýsing

Listahatid-Samuels 2024 -myndir.pdf

Selardalshatid og Solmyrkvi.pdf

Listasafn Samúels bæklingur.pdf

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 1204

Staðfestingarmáti: Rafræn skilríki í farsíma

Dagsetning: 8.4.2026 16:06:22